



# Þétting grenndarstöðva í Mosfellsbæ 2023-2027



- Grenndarstöðvar árið 2027, stærri gerðin
- Grenndarstöðvar árið 2027, minni gerðin
- Endurvinnslustöð

Mars 2023

*Minnisblað um tillögur að aðgerðum vegna  
þéttingar grenndarstöðva í tengslum við  
innleiðingu nýrra laga um úrgangsflokkun*

## Inngangur

Á 236. fundi umhverfisnefndar var umhverfissviði falið að móta tillögu að aðgerðaráætlun með kostnaðarmati um þéttingu grenndarstöðva í Mosfellsbæ.

Forsaga málsins er að stjórn SSH setti af stað vinnuhóp til að koma með tillögur að samræmdu úrgangsflokkunarkerfi á höfuðborgarsvæðinu. Flokkunarkerfinu er ætlað að uppfylla lög um hringrásarhagkerfi á Íslandi sem tóku gildi 1. janúar 2023. Starfshópurinn hefur síðan leitt innleiðingarferli sveitarfélaganna og er verkefnastjórn í höndum Sorpu.

[Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu 11. mars 2022](#) um að þau muni vinna að samræmingu úrgangsflokkunar í samræmi við [skýrslu starfshópsins](#)

Í skýrslu starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar er lagt til net smærri og stærri grenndarstöðva. Smærri grenndarstöðvarnar verði með um 500 metra millibili og þær stærri á 501-1000 metra millibili. Lögð er áhersla á samræmda hönnun stöðvanna bæði út frá notagildi og umhverfissjónarmiðum en frekar útfærsla á hönnuninni liggur ekki fyrir. Einnig er talað um að stöðvarnar séu þægilegar og öruggar fyrir gangandi vegfarendur og í alfaraleið.

## Samantekt á tillögu

Umhverfissvið setur því hér fram forsendur, stöðuna eins og hún er og framtíðarsýn til ársins 2027. Þá er gerð tillaga um skref þéttingar frá maí 2023 til lok árs 2027. Kostnaðarmatið er áætlað út frá fyrirbyggjandi upplýsingum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að **grenndarstöðvum fjölgi um fjórar** á tímabilinu. Fari úr fjórum minni grenndarstöðvum í átta, fjórar af minni gerð og fjórar af stærri gerð.

Gert er ráð fyrir að í lok árs 2027 verði grenndarstöðvarnar allar orðnar samræmdar í útliti og aðgengi. Á árinu 2023 er aðeins gert ráð fyrir tímabundnum aðgerðum.

Það er tillaga umhverfissviðsins að umhverfisnefnd beini framkvæmdum sem áætlaðar eru fyrir árið 2023 til skipulagsnefndar vegna fyrirvara um deiliskipulag svæðis við Vefarastræti. Framkvæmdir uppá kr. 4. millj. hafa þegar verið settar á fjárhagsáætlun.

## Forsendur

- Stærri grenndarstöðvar séu innan 1000 metra fyrir íbúa
- Minni grenndarstöðvar séu innan 500 metra fyrir íbúa
- Að hönnun grenndarstöðva verði samræmt í Mosfellsbæ / höfuðborgarsvæðinu og taki tillit til fjölbreytts ferðamáta og aðgengi íbúa
- Líta skal til ásýndar og staðsetningar við val á útfærslu grenndarstöð hvort sem er djúpgámar eða hefðbundnir gámar á yfirborði
- Að nýtt aðalskipulag geri ráð fyrir grenndarstöðvum út frá ofangreindum forsendum
- Að innan sveitarfélagsins verði ein endurvinnslustöð þar sem flokka megi úrgangsefni með frekari hætti sbr. endurvinnslustöð Sorpu á Blíðubakka

## Þróun grenndarstöðva frá 2023-2027

### Grenndar- og endurvinnslustöðvar í mars 2023

Nú eru fjórar grenndarstöðvar af minni gerðinni hér í Mosfellsbæ og ein endurvinnslustöð. Á grenndarstöðvum af minni gerð er safnað gleri, málm, textíl og skilaskildum umbúðum en öllum flokkum er safnað á endurvinnslustöðinni.

#### Staðsetning

1. Langatangi (Olís)
2. Skeiðholti
3. Bogatangi
4. Dælustöðvarvegur
5. Blíðubakki

#### Tegund stöðvar

- Grenndarstöð, minni gerð  
Grenndarstöð, minni gerð  
Grenndarstöð, minni gerð  
Grenndarstöð, minni gerð  
Endurvinnslustöð Sorpu

#### Hverfi

- Miðbæjarsvæði  
Holtahverfi  
Tangahverfi  
Reykjahverfi  
Varmárbakki

Í dag eru gámar á grenndarstöðvunum leigðar af Terra umhverfisþjónustu og því gert ráð fyrir að þeim gámum sé skilað þegar hverri grenndarstöð er komið í endanlegt útlit með samræmdri hönnun.

### Samræmd hönnun og útlit

Starfshópur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur það hlutverk að vinna tillögur um samræma hönnun. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið fyrir árslok 2023 og því hægt að hefjast handa við uppsetningu grenndarstöðva í samræmdu útliti um mitt ár 2024.

Því er reiknað með að framkvæmdir á árinu 2023 verði til bráðabirgða þar til ákveðið hefur verið hvernig samræmt útlit stöðvanna verður.

Þeir þættir sem skipta máli í samræmdri hönnun og útliti eru að:

1. aðgengi og innkoma á grenndarstöðina á bíl, hjóli, hjólastól eða gangandi sé gott
2. lýsing sé nægjanleg
3. gámarnir falli á sem „snyrtilegastan“ hátt inn í umhverfið og valdi sem minnstir sjónmengun
4. merkingar séu greinargóðar og aðgengi að hverjum gám henti bæði gangandi íbúum sem og íbúa í hjólastól.

Það þarf því að velja gámagerð, jarðefni, afskermun og lýsingu út frá þessum viðmiðum. Þá þarf umgengni íbúa að vera til fyrirmyndar sem og eftirlit með grenndarstöðvunum.

### Grenndar- og endurvinnslustöðvar í lok árs 2027

Í tillögum að aðgerðum er gert ráð fyrir að hönnun allar grenndarstöðvarnar verði orðin samræmd í lok tímabilsins. Þannig er lagt til að grenndarstöðvum fjölgi úr fjórum í átta á tímabilinu, fjórar af minni

gerðinni og fjórar af stærri gerðinni. Auk þess er gert ráð fyrir að Sorpa verði áfram með endurvinnslustöð við Blíðubakka.

Á minni grenndarstöð er safnað gleri, málm, textíl og skilaskyldum umbúðum

Á stærri grenndarstöð er safnað gleri, málm, textíl og skilaskyldum umbúðum auk pappírs/pappa og plastumbúða.

### Staðsetning

1. Bjarkarholt / Háholt
2. Vogatunga
3. Skála- & Baugshlíð
4. Hlaðgerðarkots- & Þingvallarvegur
5. Bogatangi
6. Dælustöðvarvegur
7. Vefarastræti
8. Sunnukriki
9. Blíðubakki

### Tegund stöðvar

- Grenndarstöð, minni gerð
- Grenndarstöð, stærri gerð
- Grenndarstöð, minni gerð
- Grenndarstöð, minni gerð
- Grenndarstöð, stærri gerð
- Grenndarstöð, stærri gerð
- Grenndarstöð, stærri gerð
- Grenndarstöð, minni gerð
- Endurvinnslustöð Sorpu

### Hverfi

- Miðbæjarsvæði
- Leirvogstunguhverfi
- Hlíðar og Tún
- Mosfellsdalur
- Tangahverfi
- Reykjahverfi
- Helgafellshverfi
- Krikahverfi
- Varmárbakki

### Gróft kostnaðarmat í tengslum við þróun grenndarstöðva

Við mati á kostnaði lágu fyrir áætluð verð í skýrslu starfshóps um samræming eins og áður hefur verið vitnað í. Þá lágu fyrir tölur vegna framkvæmda við grenndarstöðina á Bogatanga. Ómögulegt er að áætla kostnað nákvæmar nema leggja í viðbótarkostnað en þessar tölur ættu að gefa nægjanlega góða vísbindingu.

Kostnaðarmat m.v. þrjár ólíkar gerðir grenndarstöðva:

	Grenndarstöðvar		
	árleg leiga*	hefðbundnar	djúpgámar
Minni grenndarstöð	192.000	6.250.000	10.000.000
Stærri grenndarstöðvar	0	10.000.000	15.500.000

\* ekki er verið að skoða kostnað við hirðu grenndarstöðva hér

Þessi tafla m.v. að grenndarstöðvar með djúpgáma séu 60% dýrari í framkvæmd en hefðbundnar grenndarstöðvar.

Kostnaðarmat m.v. samræmda hönnun og útlit:

M.v. framlagðar tillögur		Grenndarstöðvar	
		hefðbundnar	djúpgámar
Minni grenndarstöð	4	25.000.000	40.000.000
Stærri grenndarstöðvar	4	40.000.000	62.000.000
		65.000.000	102.000.000

Þessi tafla sýnir að kostnaður m.v. að allar átta grenndarstöðvarnar verði settar upp á hefðbundinn hátt en með samræmdu útliti má áætla að kostnaður verði a.m.k. 65 milljónir. Svo bætist við þann kostnað ef hluti þeirra eða allar verði settar í djúpgáma.

### Tillögur að framkvæmdum

Hér er nánara yfirlit yfir tillögur af framkvæmdum skipt niður á umrædd fjögur ár. Yfirlitið er bæði í töflu og texta.

Í töflunni er yfirlit yfir tillögur að framkvæmdum skipt niður á umrætt fjögurra ára tímabil.

Ár	Staðsetning	Gerð	Staða	Gámar	+/- gáma
2023	Vogatunga	Minni/Stærri	Bráðabirgða	Flutt frá Skeiðholti	+5
2023	Skeiðholt	Minni	Lokað		-5
2023	Vefarastræti**	Stærri	Bráðabirgða	Leiga	+7
2023	Bogatangi	Stækkuð	Bráðabirgða	Leiga Terra	+2
2023	Dælustöðvarvegur	Stækkuð	Bráðabirgða	Leiga Terra	+2
2024	Bjarkarholt/Háholt**	Minni	Samræmd hönnun	Eign*	5
2024	Langatanga	Minni	Lokað	Skila	-5
2024	Vefarastræti	Stærri	Samræmd hönnun	Skila & Eign*	7
2025	Vogatunga	Stærri	Samræmd hönnun	Skila & Eign*	7
2025	Sunnukriki**	Minni	Samræmd hönnun	Eign*	5
2026	Skála- og Baugshlíð**	Minni	Samræmd hönnun	Eign*	5
2026	Bogatangi	Stærri	Samræmd hönnun	Eign*	7
2027	Dælustöðvarvegur	Stærri	Samræmd hönnun	Eign*	7
2027	Hlaðgerðiskot- og Þingvallarvegur**	Minni	Samræmd hönnun	Eign*	5

\*\*með fyrirvara um samþykki í deiliskipulagi

\*eftir er að meta hvort grenndarstöðvar sem hafa verið samræmdar í hönnun verða eign sveitarfélagsins eða leigðar

### Fyrir árslok 2023

Samþykktur var viðauki í bæjarstjórn uppá 4 millj. vegna framkvæmda við grenndarstöðvar árið 2023. Meðfylgjandi er mat á þeim kostnaði þar sem mikilvægt þykir að þétting grenndarstöðva fylgi innleiðingu á nýju úrgagnsflokkunarkerfi.

Kostnaðarþættir	Fjöldi	Ein. verð	Samt. kostnaður
Flutningur gáma frá Skeiðholti í Vogatungu	4	80.000	320.000
Lágmarksundirbúningur svæðis			600.000
Leiga á gámum í Vefarastræti	5	200.000	1.000.000
Lágmarksundirbúningur svæðis			600.000
Leiga á viðbótargámum við Bogatanga	2	200.000	400.000
Leiga á viðbótargámum við Dælustöðvarveg	2	200.000	400.000
Ófyrirséð			498.000
			3.818.000

1. **Bráðabirgða stærri grenndarstöð sett upp við Vogatungu**, gámar frá Skeiðholti fluttir í Vogatungu. Þegar hefur verið gert ráð fyrir grenndarstöð í deiliskipulagi svæðisins.
2. **Grenndarstöð við Skeiðholti lokað.**
3. **Bráðabirgðar stærri grenndarstöð sett upp við Vefarastræti**, gámar teknir á leigu – með fyrirvara um samþykkt í deiliskipulagi.
4. **Grenndarstöð við Bogatanga stækkuð** um tvo gáma fyrir plast annars vegar og pappír/pappa hins vegar, gámar teknir á leigu.
5. **Grenndarstöð við Dælustöðvarveg stækkuð** um tvo gáma fyrir plast annars vegar og pappír/pappa hins vegar, gámar teknir á leigu.

### Fyrir árslok 2024

1. **Minni grenndarstöð sett upp við Bjarkarholt / Háholt**, samræmd hönnun, með fyrirvara um samþykkt í deiliskipulagi og samkomulagi við lóðarhafa.
2. **Grenndarstöð við Langatanga (Olís) lokað** og gámum skilað.
3. **Stærri grenndarstöð sett upp við Vefarastræti**, samræmd hönnun, bráðabirgðagámum við Vefarastræti skilað.

#### **Fyrir árslok 2025**

1. **Stærri grenndarstöð sett upp við Vogatungu**, samræmd hönnun, bráðabirgðagámum við Vogatungu skilað.
2. **Minni grenndarstöð sett upp við Sunnukrika**, samræmd hönnun - *með fyrirvara um samþykkt í deiliskipulagi og samkomulagi við lóðarhafa.*

#### **Fyrir árslok 2026**

1. **Minni grenndarstöð sett upp við Skála- & Baugshlíð**, samræmd hönnun - *með fyrirvara um samþykkt í deiliskipulagi.*
2. **Stærri grenndarstöð sett upp við Bogatanga**, samræmd hönnun, gámum skilað

#### **Fyrir árslok 2027**

1. **Stærri grenndarstöð sett upp við Dælustöðvarveg**, samræmd hönnun, gámum skilað
3. **Minni grenndarstöð sett upp við Hlaðgerðiskot- & Þingvallarveg**, samræmd hönnun - *með fyrirvara um samþykkt í deiliskipulagi.*